

Hrafnagilsskóli, Brekkuskóli, Giljaskóli og Þelamerkurskóli 18. nóvember 2025

17:15 - 17:45 kaffi í Hjarta og við miðstig

Fyrri lota kl. 16:30-17:15

Seinni lota kl. 17:45-18:30

Viskubrunnur

Hvernig við fáum sem mest út úr gervigreindarlausninni Viskubrunni. Fjölmargir skólar og kennarar eru með áskrift að þessum vef og í þessari lotu verður farið í helstu nýjungarnar sem komu inn í haust ásamt því að skoða helstu verkfæri og virkni.

Staðsetning: Stofa 6

Bergmann Guðmundsson, verkefnisstjóri Brekkuskóla og Giljaskóla

Helperbird

Helperbird er frábær viðbót sem hjálpar nemendum með lestrarvanda. Hægt er að láta lesa fyrir sig vefsíður og námsbækur ásamt því að nýta gervigreind til að fá útdrætti og einföldun. Einnig er hægt að nýta voice to text til að skrifa það sem nemandinn segir. Helperbird virkar á öll tæki og á alla vafra.

Staðsetning: Stofa 6

Bergmann Guðmundsson, verkefnisstjóri Brekkuskóla og Giljaskóla

Lítill skref á leið til læsis

Próunarverkefni sem tilnefnt er til Íslensku menntaverðlaunanna.

Lítill skref á leið til læsis er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla Húsavíkur. Markmið verkefnissins er að efla læsishæfni barna í leik- og grunnskóla og skapa samfellu í námi þeirra á milli skólastiga. Jafnframt er áhersla á samstarf við heimilin og er foreldrum/forráðamönnum boðið á fræðslukvöld tvisvar yfir skólaárið.

Verkefnið hlaut nýlega Íslensku menntaverðlaunin í flokknum "framúrskarandi próunarverkefni".

Staðsetning: Stofa 7

Nanna Þ Möller, deildarstjóri - kennari Borgarhólsskóla

Notebook LM

NotebookLM er öflugt gervigreindarverkfæri sem hjálpar kennurum og nemendum við skilja flókið efni, t.d. námsefni. Hægt er að hlaða inn skjölum, greinum og heimildum og láta gervigreindina greina og tengja saman mikilvægustu upplýsingarnar. Kerfið býr til podcast, kennslumyndbönd, glósur, spurningar og útdrætti o.fl. sem auðvelda skilning á efni.

Staðsetning: Stofa 7

Hans Rúnar Snorrason, kennari Hrafnagilsskóla

Íslenska námsspilið - Fyrir unglingastigi

Okkur langar að kynna fyrir ykkur lokaverkefnið sem við gerðum í B.Ed náminu. Við höfum lengi hugsað um hvernig væri hægt að bæta íslenskukennsluna í grunnskólum landsins á unglingastigi. Því datt okkur í hug að hanna námsspil. Íslenska námsspilið styður við íslenskukennslu á unglingastigi og gerir hana bæði skemmtilegri og áhrifaríkari. Spilið byggir á samvinnu, samræðum og fjölbreyttum spurningum sem tengjast málfræði, orðaforða, ljóðum, náttúru og fróðleik um Ísland.

Staðsetning: Stofa 9

Heiða Rós Björnsdóttir og Arna Skaftadóttir, kennarar í Þelamerkurskóla

Lærdómsleikir og heilahlés æfingar á yngsta stigi

Kynning á nokkrum einföldum og skemmtilegum lærdómsleikjum fyrir íslensku og stærðfræði ásamt nokkrum heilahlés æfingum. Ég hef verið að dunda mér við að afla mér allskonar fróðleik og upplýsingar síðustu ár. Hvernig ég geti aðlagð kennsluna mína betur að áhuga og þörfum nemenda, hvernig hægt sé að útfæra kennslu svo hún höfði til sem flestra. Við vitum að áhugi á námi eykst þegar hlutirnir höfða til okkar og hvað þá ef það er gaman í leiðinni.

Staðsetning: Stofa 9

Emilía Guðjónsdóttir, umsjónarkennari í Brekkuskóla

Blooket Blooket er spilaleikjaforrit þar sem hægt er að búa til fræðandi spurningaleiki og skemmtilegar keppnir fyrir nemendur. Forritið býður upp á fjölbreytta leiki þar sem nemendur geta keppt sín á milli, safnað stigum og unnið vinninga. Staðsetning: Stofa 2 Berglind Vala Valdimarsdóttir, umsjónarkennari 9.-10. bekkjar í Pelamerkurskóla	Gervigreind í kennslu Ástrós deilir reynslu sinni af kennslu um gervigreind með nemendum á unglingastigi í Hrafnagilsskóla. Lögð er áhersla á að efla gagnrýna hugsun og ábyrga notkun ungs fólks sem mun í framtíðinni móta og nýta þessa tækni í námi og starfi. Þar sem flestir nemendur munu nýta gervigreind í framhaldsskólum og daglegu lífi er brýnt að þau læri réttu handtökin sem fyrst og tileinki sér ábyrga og meðvitaða notkun hennar. Staðsetning: Stofa 2 Ástrós Guðmundsdóttir, umsjónarkennari í Hrafnagilsskóla
Heimsmarkmiðin í öllu skólastarfi - lýðræðislegt samfélag í framkvæmd MTR hlaust nýverið Evrópsku nýsköpunarverðlaunin í kennslu 2025 fyrir „Heimsmarkmiðin í öllu skólastarfi – lýðræðislegt samfélag í framkvæmd“ sem er heildræn og skapandi nálgun skólans að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í allt skólastarf. En við Menntaskólann á Tröllaskaga eru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ekki aðeins kennd – þau eru lifandi. Með því að samþætta heimsmarkmiðin við allar námsgreinar, kennsluhætti og skólamenningu hefur skólinn skapað námsumhverfi sem styður við sjálfbærni, inngildingu og virka borgaravitund. Staðsetning: Stofa 4 Ida Semey, kennari við Menntaskólann á Tröllaskaga	Erasmus+ umsóknir Fyrsta Erasmus verkefnið sem MTR tók þátt í var strax á þriðja starfsári skólans, haustið 2013, og síðan þá hefur skólinn tekið þátt í á fjórða tug verkefna með skólum vítt og breitt um Evrópu. Má segja að vegna þeirra styrkja sem skólinn hefur notið úr áætluninni séu erlend samskipti eitt einkennismerkja hans og setja þau mark sitt á skólastarfið á hverri önn. Burðarbitinn í öllum þessum umsóknum er Ida Semey sem er orðin sérfræðingur öllu sem við kemur Erasmus+ Staðsetning: Stofa 4 Ida Semey, kennari við Menntaskólann á Tröllaskaga
Heilsuefandi pelamerkurskóli - Innleiðing heilsulæsis í skólastarfi Pelamerkurskóli er þátttakandi í tilraunaverkefni Embætti landlæknis um innleiðingu á heilsulæsi í skólastarfi. Heilsulæsi er nú kennd í 5.-10. bekk og hefur sú vinna farið mjög vel af stað hjá okkur í vetur. Auk þess starfar við skólann öflug heilsueflingarnefnd sem samanstendur af nemendum og starfsfólki. Ég mun segja frá því sem við gerum t.d. hvaða viðburðum við stöndum fyrir í skólanum og hvernig við höldum heilsueflingu á lofti í skólastarfinu. Staðsetning: Stofa 14 (kjallari - unglingastig) Ragna Baldvinsdóttir, íþróttakennari í Pelamerkurskóla	Þemavinna í Hrafnagilsskóla Hrafnagilsskóla hefur skapast skemmtileg hefð í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Hjördís Óladóttir segir frá undirbúningnum og skipulaginu á yngsta stigi. Þemað í ár var Krumminn og afrakstur nemenda má nú sjá víðs vegar um skólann. Nemendur unnu saman í aldursblönduðum hópum í þrjá daga og fóru á milli sex stöðva. Ávallt er lögð áhersla á að samþætta námsgreinar en rauði þráðurinn gegnum alla þessa vinnu eru skapandi og fjölbreyttir kennsluhættir. Á fjórða degi er svo haldin glæsileg uppskeruhátíð. Staðsetning: Stofa 5 Hjördís Óladóttir var tilnefnd til Íslensku menntaverðlaunanna 2025 í flokknum „Framúrskarandi kennari“. Hún starfar sem grunnskólakennari við Hrafnagilsskóla og hlaut tilnefninguna fyrir skapandi og fjölbreytta kennsluhætti og námsumhverfi í byrjendakennslu.

Tækni á yngsta stigi

Tækni og stærðfræðikennsla á yngsta stigi skoðuð og þau forrit sem við erum helst að nota í 2. bekk í Giljaskóla. Við munum skoða hvernig við vinnum með Classkick og hvernig við vinnum með stærðfræði-innlagnir. Ef tími vinnst til verða fleiri hlutir skoðaðir í sambandi við hvernig við blöndum saman tækni og kennslu á yngsta stigi.

Staðsetning: Stofa 15 (kjallari - unglingastig)

Arney Ásvaldsdóttir, kennari Giljaskóla

Tækni á unglingastigi Giljaskóla

Í þessari vinnustofu ætla ég að fara yfir nokkra hluti sem við í Giljaskóla erum að nýta okkur til að sameina tækni og kennslu. Við í 8. bekk erum að blanda saman tækni og kennslu í flestum námsgreinum og ætla ég að sýna ykkur það helsta sem við erum að gera. Teiknileikir og myndbönd í ensku, svo er það auðvitað plickers, canva, quizlet, blookey, kahoot, nearpod, jóladagatalið rafræna og fleira skemmtilegt.

Staðsetning: Stofa 14 (kjallari - unglingastig)

Íris Theódóra Unnsteinsdóttir, kennari Giljaskóla